

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júlí 2008 í máli nr. E-8319/2007:

Landsbanki Íslands hf.

(Ólafur Björnsson hrl.)

gegn

Kristján S. Guðmundssyni

(ólöglærður)

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 9. júní sl., var höfðað með stefnu birtri 5. desember 2007. Stefnandi málsins er Landsbanki Íslands hf., kt.---, Austurstræti 11, Reykjavík. Stefndi er Kristján S. Guðmundsson, kt. ---, Rauðagerði 39, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að dæmd verði dauð og ómerk neðangreind ummæli stefnda (staflíðir a-d), sem hann lét falla í grein er birtist í Morgunblaðinu mánudaginn 29. október 2007 og bar yfirskriftina „Eimskip, óskabarn þjóðarinnar“, en stefndi er skráður höfundur greinarinnar, verði dæmd dauð og ómerk:

a. Eftir yfirtöku á Hf. Eimskipafélagi Íslands svo og Landsbankanum réðust ráðamenn þar í að sölsa undir sig umræddan lífeyrissjóð með slíkri ósvífni að glæpsamlegt yrði talið í siðmenntuðum heimi.

b. Þegar yfirtöku á lífeyrissjóðnum af hálfu Landsbankans hafði náðst þar sem reglugerð sjóðsins var margbrotin hefur framkoma ráðamanna Landsbankans gagnvart eigendum sjóðsins verið með eindæmum. Ósvífni og yfirgangur af hálfu ráðandi afla í Landsbankanum að hunsa alla viðleitni eigenda (eigendurnir eru sjóðfélagar) til að hafa afskipti af rekstri hans er í þá veru að einræðisöfl í Rússlandi eru sem hvítvoðungar í samanburði við það framferði sem sýnt hefur verið af hálfu ráðamanna Landsbankans.

c. Í sambandi við meðferð Landsbankans á Lífeyrissjóði Hf. Eimskipafélags Íslands vaknar sú spurning hvort ekki hafi verið næg hefnd að leggja félagið niður sem slíkt eða breyta um nafn. Varð að fullkomna hefndina með því að eyðileggja Lífeyrissjóð Hf. Eimskipafélags Íslands einnig svo að ekkert minnti á það sem á gekk fyrir um tuttugu árum og láta hefndina ná yfir þá sem störfuðu á þeim tíma fyrir óskabarn þjóðarinnar ?

d. Eftir fyrirspurn til stjórnar lífeyrissjóðsins á ársfundi sjóðsins um hvort ekki væri orðið tímabært að eigendur sjóðsins tækju við stjórn hans alfarið risu valdagráðugir menn upp á afturlappirnar og ákváðu að kveða í eitt skipti fyrir öll niður allt tal um afskipti hinna einu og sönnu eigenda að sjóðnum og sölsa undir Landsbankann framtíðar ráðstöfunarrétt yfir því mikla fjármagni sem í sjóðnum er.

2. Að stefnda verði refsað fyrir framangreind ummæli um stefnanda, sem í heild sinni feli í sér af hálfu stefnda útbreiðslu ærumeiðinga um stefnanda gegn betri vitund, sbr. 234., 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Á fyrri stigum málsins krafðist stefndi þess að dómari viki sæti í málinu. Var þeirri kröfu stefnda hafnað með úrskurði uppkveðnum 13. mars 2008. Stefndi kærði þann úrskurð en með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 16. apríl 2008 staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu. Þegar niðurstaða Hæstaréttar lá fyrir boðaði dómari til nýs þinghalds í málinu sem halda átti 26. maí 2008. Neitaði stefndi þá að veita fyrirfalli dómsins viðtöku. Mætti stefndi ekki til þinghaldsins greindan dag né boðaði forföll. Í samræmi við ákvæði 3. mgr., sbr. 1. mgr., 96. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, var þá ákveðið að veita stefnanda kost á að skila skriflegri sókn í málinu til að svara vörnum stefnda. Stefnandi taldi ekki ástæðu til að skila sókn en kvaðst mótmæla öllum málsástæðum stefnda. Er málið því dæmt eftir fram

komnum kröfum og gögnum með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi vísar til þess að frá árinu 2003 hafi Björgólfur Guðmundsson verið formaður bankaráðs stefnanda í máli þessu, Landsbanka Íslands hf., en félagið Samson eignarhaldsfélag ehf., sem sé í helmingseigu Björgólfs, sé stór hluthafi í bankanum. Á árinu 2004 hafi félag Björgólfs, Samson Global Holdings ehf., keypt stóran hlut í Hf. Eimskipafélagi Íslands. Á aðalfundi félagsins, sem haldinn hafi verið 19. mars 2005, hafi verið samþykkt að breyta nafni móðurfélagsins í Burðarás en halda flutningastarfsemi inni í sjálfstæðu dótturfélagi, sem héldi upprunalegu nafni, þ.e. Eimskipafélag Íslands ehf.

Með kaupsamningi, dags. 24. júní 2005, hafi Avion Group hf. keypt 94,12% hlutafjár í Eimskipafélagi Íslands ehf. af Burðarási hf. Hafi Burðarás hf. áfram lagt áherslu á fjárfestingarþáttinn í starfsemi. Nafni Avion Group hafi síðan verið breytt í Hf. Eimskipafélag Íslands, sem reki meðal annars alhliða flutningastarfsemi. Þannig sé efnahagsleg og starfræn samfella milli þess félags, sem heiti Hf. Eimskipafélags Íslands og stofnað var 1914 og þess félags sem nú reki flutningastarfsemi undir merki Eimskips. Stjórnendur Burðaráss hf. hafi viljað efla félagið enn frekar með hagsmuni allra hluthafa í huga og 1. ágúst 2005 hafi stjórnir Burðaráss hf., stefnanda og Straums fjárfestingarbanka hf. undirritað samrunaáætlanir. Burðarási hf. hafi verið skipt upp og félagið sameinað, annars vegar Straumi og hins vegar stefnanda, Landsbanka Íslands hf.

Starfsmenn Hf. Eimskipafélags Íslands hafi stofnað með sér lífeyrissjóð, sem varðveittur hafi verið framan af hjá félaginu. Stjórn sjóðsins hafi borið ábyrgð á rekstri hans samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Skipan stjórnar hafi ekki breyst og sé bundin í samþykktir sjóðsins. Stjórnin sé skipuð af vinnuveitendum (Hf. Eimskipafélagi Íslands sem nú hafi sameinast Straumi Burðarási hf.), fulltrúa, kjörnum af stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og einum starfsmanni úr hópi sjóðfélaga í landi. Kröfur um umgjörð og rekstur lífeyrissjóða hafi aukist verulega á undanförunum árum, eftirlit með rekstri lífeyrissjóða sé í höndum endurskoðenda og Fjármálaeftirlitsins, líkt og hjá fjármálafrirtækjum. Vegna aukinna krafna opinberra aðila um rekstrarumgjörð lífeyrissjóða, og með hag sjóðfélaga að leiðarljósi, hafi stjórn sjóðsins, að undangengnu útboði, samið við stefnanda á árinu 2004 um eignastýringu og heildarrekstur sjóðsins. Samningur þessi hafi tryggt sjóðnum rekstraröryggi og verulega lækkun rekstrarkostnaðar frá samningi við fyrri vörsluaðila. Umsjón með sjóðnum hafi verið í höndum eignastýringarsviðs stefnanda sem sé skýrt aðskilið frá eignum stefnanda. Stefnandi hafi í öllu farið að ákvæðum samþykktar sjóðsins, lögum og reglum við rekstur hans og sé reksturinn undir ströngu eftirliti stjórnar, endurskoðenda og Fjármálaeftirlitsins. Ávöxtun frá því að sjóðurinn hafi komið inn til stefnanda sé að jafnaði 12,1% raunávöxtun, sem sé 0,6% hærra en lífeyriskerfið í heild hafi skilað þrátt fyrir mun minni áhættutöku í fjárfestingum. Réttindi hafi verið aukin umtalsvert frá því að sjóðurinn hafi komið til stefnanda, eða um 9% árið 2006, og til standi að auka réttindin um 12,9% í ár, við fyrirhugaða sameiningu lífeyrissjóðsins við fjóra aðra lífeyrissjóði undir

nafninu Lífeyrissjóðurinn Kjölur. Sameining lífeyrissjóðanna fimm hafi verið samþykkt af sjóðfélögum allra lífeyrissjóðanna og sé í samþykktarferli hjá eftirlitsaðilum. Gangi sameiningin í gegn muni sjóðurinn verða í hópi fáttra lífeyrissjóða þar sem 100% sjóðfélagalýðræði ríki þar sem sjóðfélagar muni kjósa sér stjórnarmenn og afskipti fyrrum vinnuveitanda og stéttarféлага verði úr sögunni.

Hinn 29. október 2007 hafi birst í Morgunblaðinu grein undir yfirskriftinni „Eimskip, óskabarn þjóðarinnar“, og hafi stefndi verið tilgreindur höfundur hennar. Í greininni ráðist stefndi að stefnanda og ráðamönnum bankans. Greinin hafi verið full af ósannindum og rangfærslum og hafi haft að geyma mörg ærumeiðandi ummæli um stefnanda og fleiri. Hafi stefndi gert málefni lífeyrissjóðsins að umtalsefni og farið þar ítrekað með rangt mál. Geti slík ummæli skaðað orðspor og ímynd stefnanda sem fjármálastofnunar og séu þau til þess fallin að rýra það traust sem menn beri til bankans. Þá gefi þau beinlínis ástæðu til að ætla að stefnandi og fyrisvarsmenn hans komi óheiðarlega og ólöglega fram í athöfnum sínum. Hafi stefnandi því séð sig tilknúinn, og hafi af því ríka hagsmuni, að leita til dómstólanna til að fá ummælin dæmd dauð og ómerk. Njóti stefnandi sem lögpersóna verndar gagnvart meiðandi og traustspillandi ummælum, annað hvort beint samkvæmt 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eða á grundvelli lögjöfnunar. Þá megi jafnframt vísa til 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum. Stefnandi sé því réttur aðili sóknarmegin í þessu máli.

Stefnandi skírskotar til þess að tilgreind ummæli stefnda falli utan við þann rétt manna að láta í ljós skoðanir sínar sem þeim sé tryggður í 73. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 11. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 10. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994. Mannréttindi hafi tvö andlit í lagalegu tilliti. Annað snúi að frelsi manna til orða og athafna, m.a. til að láta í ljós skoðanir sínar og hugsanir. Tjáningarfrelsið snúi út á við gagnvart þjóðfélaginu og öðrum einstaklingum. Hitt snúi að vernd einstaklingsins/lögaðilans sjálfs fyrir utanaðkomandi misgjörðum í orði og athöfnum annarra. Gagnrýnin umræða sé eðlileg og mikilvægt að hún fari fram. Gagnrýni verði þó að vera málefnaleg og beinskeytt og laus við órökstuddar og meiðandi dylgjur og aðdróttanir í annarra garð. Markmið refsilöggjafar lúti í meginatriðum að því að tryggja og viðhalda vernd einstaklinga jafnt sem lögaðila gegn hvers konar árásum annarra.

Ummæli stefnda virðist hafa þann tilgang einan að vega að æru stefnanda og raska með því þeirri friðhelgi sem stefnandi eigi rétt til að njóta. Öll hin tilvitnuðu ummæli, sem dómkröfur stefnanda í máli þessu lúti að, séu röng og hafi stefndi sönnunarbyrði fyrir staðhæfingum sínum um hið gagnstæða.

Varðandi ummælin, sem tiltekin séu í kröfulið 1.a, vísar stefnanda til þess að sögnin að sölsa undir sig merki að komast yfir eitthvað með yfirgangi eða brögðum. Sögnin hafi mjög neikvætt yfirbragð. Sama megi segja um ósvífni, sem merki óskammfeilni, frekju, dónaskap. Þá sé klikkt út með því í tilvitnaðri setningu að ráðamenn stefnanda hafi viðhaft glæpsamlegt athæfi. Stefnandi hafi annast eignavörslu Lífeyrissjóðs Hf. Eimskipafélags Íslands, en það verk hafi bankinn fengið eftir útboð. Stefnandi hafi ekki sölsað undir sig lífeyrissjóðinn né hafi eitthvað glæpsamlegt verið viðhaft í tengslum við eignavörslu hans. Hljóti þessi ummæli að skoðast ærumeiðandi í garð stefnanda. Varðandi ummælin, sem tiltekin séu undir kröfulið 1.b, kveður stefnandi að með þeim sé ráðamönnum stefnanda borið á brýn að hafa margbrotið reglugerð lífeyrissjóðsins. Sé ummælum þessum

harðlega mótmælt. Eigendur sjóðsins séu upplýstir um stöðu hans á aðalfundi ár hvert og þar sé svarað öllum fyrirspurnum sem fram komi. Það sé stjórn sjóðsins sem beri ábyrgð á rekstri hans. Það að halda því fram að ráðamenn stefnanda hafi haft í frammi ósvífni og yfirgang feli í sér ærumeiðingar gagnvart stefnanda. Þá feli það jafnframt í sér alvarlega ærumeiðingu að líkja saman verkum einræðisafla í Rússlandi, sem hingað til hafi ekki verið talin til fyrirmyndar, og stefnanda. Reyndar sé ekki ljóst af grein stefnda við hvaða einræðisöfl í Rússlandi sé átt en þau hafi verið nokkur í gegnum söguna. Með þessu sé hins vegar gefið í skyn að innan bankans séu viðhafðir óeðlilegir stjórnarhættir og séu slíkar aðdróttanir refsiverðar.

Með ummælum stefnda skv.

kröfulið 1.c haldi stefndi því enn og aftur fram að Lífeyrissjóður Hf.

Eimskipafélags Íslands hafi verið eyðilagður og að það hafi verið liður í meintum aðgerðum stefnanda til að hefna sín á starfsmönnum Eimskipafélagsins. Hér sé farið vísitandi með rangt mál. Sjóðurinn hafi alls ekki verið lagður niður.

Sjóðfélagar hafi samþykkt að sameina sjóðinn fjórum öðrum lífeyrissjóðum og mynda með því einn sterkan lífeyrissjóð. Stefnandi hafi ekki komið að þeirri ákvörðun. Þá hafi stefnandi ekki staðið í hefndaraðgerðum gagnvart Hf.

Eimskipafélagi Íslands eða lífeyrissjóðnum. Hf. Eimskipafélag Íslands reki í dag flutningastarfsemi. Á milli þeirrar flutningastarfsemi sem Hf. Eimskipafélag Íslands reki í dag og þess félags, sem hafi rekið flutningastarfsemina áður en nafnabreyting og sala hafi átt sér stað, sé efnahagsleg og starfræn samfella. Félagið hafi ekki verið lagt niður. Sú flutningastarfsemi sem sé rekin á vegum þess félags, sem nú beri heitið Hf. Eimskipafélag Íslands, sé í raun sú sama og starfsemi eldra félags sem hafi borið þetta nafn áður. Þetta megi stefnda vera vel kunnugt um.

Með ummælunum í kröfulið 1.d kveður stefnandi að enn sé vísitandi farið með rangfærslur, sbr. það sem rakið sé varðandi kröfulið 1.a. Félagar í lífeyrissjóðnum hafi samþykkt þá ákvörðun að sameina hann fjórum öðrum lífeyrissjóðum. Stefnandi hafi ekki sölsað sjóðinn undir sig. Þá séu það meidyrði gagnvart stefnanda og fleirum að halda því fram að bankanum sé stjórnað af valdaráðugum mönnum.

Stefnandi kveðst telja að öll framangreind ummæli stefnda, sem tilgreind séu undir kröfuliðum 1.a-d, séu í senn móðgun í skilningi 234. gr. og aðdróttun í skilningi 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga. Sé þess krafist að stefnda verði refsað fyrir tilgreind ummæli, sem í heild sinni feli í sér útbreiðslu ærumeiðinga um stefnanda gegn betri vitund. Loks bendi stefnandi á að ytra form ærumeiðinga skipti máli varðandi refsipýngd, en 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga heimili þyngri refsingu sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega. Grein stefnda hafi verið birt opinberlega í Morgunblaðinu.

Stefnandi kveður kröfu um málskostnað styðjast við 1. mgr. 130., sbr. 4. mgr. 129. gr., laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og um heimild til málshöfðunar vísist til 3. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til þess að tjáningarfrelsi sé varið af stjórnarskrá og snúist mál þetta um það hvort vald auðsins sé ofar valdi laganna.

Stefndi bendir á að þegar Hf. Eimskipafélag Íslands hafi verið fellt undir Burðarás hf. hafi fallið úr gildi samkomulag, sem gert hafi verið við stofnun Lífeyrissjóðs Hf. Eimskipafélags Íslands árið 1957, milli fulltrúa stéttarfélaga annars vegar og hins vegar stjórnar félagsins, hvað varði skipan stjórnar sjóðsins. Hafi þá fallið niður öll lögsmæt afskipti stjórnarmanna lífeyrissjóðsins og hafi þá borið að afhenda sjóðfélögum, eigendum sjóðsins, alla stjórnun á sjóðnum.

Þá kveður stefndi starfsmenn stefnanda hafa staðið ólöglega, og af siðleysi, að framkvæmd kosninga sem snúist hafi um breytingu á reglum sjóðsins og þá einnig um hvort sameina ætti sjóðinn öðrum sjóðum sem stefnanda hafi verið falið að annast vörslu á. Þannig hafi starfsmenn bankans, þrátt fyrir áratuga hefð um að kosningar varðandi breytingar á reglugerð sjóðsins væru leynilegar, viðhaft þau ólýðræðislegu vinnubrögð að merkja kjörseðil hverjum einstaklingi sem aðild hafi átt að lífeyrissjóðnum svo að örugglega væri unnt að hafa hemil á, og eftirlit með, þeim sem ekki samþykktu lögbrot þeirra. Aðgerð þessi hafi verið siðlaus, ef ekki ólögleg, í ljósi 50 ára hefðar um leynilega atkvæðagreiðslu vegna breytinga á reglum sjóðsins. Þá hafi starfsmenn bankans brotið gegn ákvæði 30. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins en þar segi: „Tillögur til samþykktabreytinga ásamt greinargerð sjóðsstjórnar skulu sendar atkvæðisbærum sjóðfélögum eigi síðar en tveimur vikum fyrir lok atkvæðagreiðslu og liggja þann tíma frammi á skrifstofu sjóðsins.“ Hafi þetta ákvæði reglna sjóðsins ekki verið uppfyllt vegna þess að ekki hafi verið ætlunin að upplýsa hinn almenna sjóðfélaga um hvað fælist í fyrirhuguðum breytingum. Með vísan til þess hve langan tíma sjóðfélagar hefðu haft til að kynna sér málið í fyrri atkvæðagreiðslum hafi sú atkvæðagreiðsla sem hér um ræði verið knúin fram með ólýðræðislegum hætti á mjög skömmum tíma af ólöglegum framkvæmdaaðilum og ekki hafi verið farið að reglum sjóðsins um framkvæmd hennar. Séu allar gjörðir aðila varðandi sameiningu sjóðsins því ólöglegar.

Stefndi staðhæfir að ákvæði það sem sett hafi verið inn í drög að reglum fyrir sameiginlegan lífeyrissjóð fimm lífeyrissjóða, og hafi kveðið á um að fjármagn lífeyrissjóðanna yrði í vörslu stefnanda, sé svívirðing við hinn almenna sjóðfélaga. Með þessu ákvæði sé verið að tryggja að stefnandi öðlist yferráð yfir, eða sölsi undir sig, fjármunum sjóðsins og að stjórn sjóðsins og eigendur hans hafi þar engin afskipti. Aðalmarkmið stjórnenda hjá stefnanda sé að hafa ráðstöfunarréttinn yfir auðmagninu en ekki að tryggja bestu ávöxtun fjáris til hagsbóta fyrir sjóðfélaga. Væri af hálfu stefnanda tryggð besta ávöxtun fjáris undir hans stjórn væri þetta ákvæði, sem lætt hafi verið inn í reglur fyrir sjóðina, óþarft. Stjórn sjóðsins, sem skipuð væri fulltrúum eigenda sjóðsins, fæli þeim aðila vörslu fjáris sem tryggði bestu ávöxtun þess.

Loks telur stefndi að lögbrot starfsmanna stefnanda, í tengslum við framkvæmd greindra kosninga, varði orðalag og túlkun á þeim kjörseðli er sendur hafi verið til sjóðfélaga. Hafi hvergi komið fram á atkvæðaseðlinum að viðkomandi samþykkti einhverjar nýjar reglur fyrir fyrirhugaðan sameiginlegan sjóð, enda hefðu sjóðfélagar engar upplýsingar fengið um hvað fælist í fyrirhuguðum reglum. Hafi tillögur að nýjum reglum ekki verið sendar til sjóðfélaga eins og kveðið sé á um í reglum sjóðsins. Þar með séu allar gjörðir vegna sameiningar sjóðanna ólöglegar.

Stefndi vísar til þess að í stefnunni sé mikið lagt upp úr orðasambandinu að sölsa undir sig. Kveðst stefndi taka undir það með stefnanda að orðið að sölsa merki að komast yfir eitthvað með yfirgangi eða brögðum. Það sé það sem gert hafi verið af hálfu starfsmanna stefnanda, að beita yfirgangi og brögðum. Þeir hafi hunsað fyrirbyggjandi reglur lífeyrissjóðsins og beitt brögðum með því að standa í vegi fyrir því að sjóðfélagar fengju réttar upplýsingar. Út í gegn sé sá rökstuðningur sem hafi fylgt stefnunni viðurkenning á þeirri misbeitingu valds sem hafi einkennt framferði starfsmanna stefnanda. Fals, ósannindi og óheiðarleiki séu einkunnarorð þessara aðgerða af hálfu starfsmanna bankans.

Um lagarök kveðst stefndi einkum vísa til 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 11. gr. stjórnskipunarлага nr. 97/1995, og 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. stjórnskipunarлага nr. 97/1995. Þá vísi stefndi til laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Niðurstaða

Þrátt fyrir að tjáningarfrelsi njóti verndar skv. 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er þar jafnframt veitt heimild til að setja því vissar skorður og hafa slík ákvæði meðal annars verið sett í 234. – 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem málssókn stefnanda byggir á, sbr. og 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum.

Ummæli stefnda, sem krafist er ómerkingar á skv. kröfuliðum 1.a – d, eru öll nátengd og lúta að meintum afskiptum stefnanda og forsvarsmanna hans af málefnum Lífeyrissjóðs Hf. Eimskipafélags Íslands og verður fjallað um þau saman.

Í íslenskum orðabókum má sjá að orðið sölsa merki að komast yfir eitthvað eða ná einhverju undir sig með yfirgangi eða brögðum og telur stefndi sjálfur að sú skýring sé rétt. Skýrir stefndi ummæli þessi þannig að starfsmenn stefnanda hafi hunsað reglur Lífeyrissjóðs Hf. Eimskipafélags Íslands og beitt brögðum með því að standa í vegi fyrir því að sjóðfélagar fengju réttar upplýsingar við framkvæmd kosningar um breytingu á reglum fyrir lífeyrissjóðinn og þar með sameiningu við aðra sjóði sem stefnanda hafi verið falin. Sú framkvæmd hafi verið siðlaus og ólögleg. Þá hafi meintir einræðistilburðir ólöglegar stjórnar lífeyrissjóðsins komið fram í því að takmarkið hafi verið að sölsa undir stefnanda umráðarétti yfir því fjármagni sem liggja í lífeyrissjóðnum. Stefnandi hefur á móti haldið því fram að samkomulag hafi verið gert um það, að undangengnu útboði, að bankinn tæki að sér eignavörslu fyrir lífeyrissjóðinn.

Engin sönnun liggur fyrir í málinu sem styður framangreindar staðhæfingar stefnda um stefnanda og starfsmenn hans. Hefur stefnda ekki tekist að sýna fram á að ummælin í kröfuliðum 1.a - d, um glæpsamleg og óeðlileg vinnubrögð stefnanda varðandi málefni lífeyrissjóðsins, eigi við einhver rök að styðjst. Teljast ummælin, og skírskotun stefnda í því sambandi til ósvífni, einræðisafla í Rússland, valdagráðugra manna og hefndarsjónarmiða, því tilhæfulaus og meiðandi fyrir stefnanda. Fóru þessi ummæli stefnda út fyrir mörk hæfilegrar gagnrýni og eru til

Þess fallin að valda stefnanda sem fjármálastofnun óþægindum og stuðla að trúnaðarbresti milli hans og viðskiptamanna hans. Teljast þau brot á 235. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum, og verða því dæmd ómerk skv. 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Þykir refsing stefnda vegna þessa hæfilega ákveðin 30.000 króna sektargreiðsla í ríkissjóð og komi 6 daga fangelsi í stað sektarinnar greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Auk ómerkingar ummælanna hefur stefnandi krafist þess að stefnda verði refsað fyrir brot sín. Þykir eins og hér háttar ekki ástæða til að ákvarða stefnda refsingu vegna málsins.

Að fenginni þessari niðurstöðu verður stefnda gert að greiða stefnanda 280.000 krónur í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Ummæli stefnda, Kristjáns Guðmundssonar, í garð stefnanda, Landsbanka Íslands hf., sem birtust í grein í Morgunblaðinu mánudaginn 29. október 2007 undir yfirskriftinni „Eimskip, óskabarn þjóðarinnar“, og nánar eru tilgreind í kröfuliðum 1.a - d í dómkröfum stefnanda, eru ómerk.

Stefndi greiði stefnanda 300.000 krónur í málskostnað.

Ásgeir Magnússon.